



Borgarráð

Samþykkt velferðarráðs um hækkun grunnfjárhæða fjárhagsaðstoðar til framfærslu

Á fundi velferðarráðs þann 15. nóvember 2023 var lögð fram svohljóðandi tillaga sviðsstjóra um hækkun grunnfjárhæða fjárhagsaðstoðar til framfærslu:

Lagt er til að grunnfjárhæðir fjárhagsaðstoðar til framfærslu hækki sem hér segir:

- Grunnfjárhæð fyrir einstakling sem rekur eigið heimili hækkar úr 228.689 kr. í á mánuði 239.895 kr.
- Grunnfjárhæð til hjóna/sambúðarfólks hækkar úr 365.902 kr. í 383.832 kr. á mánuði.
- Grunnfjárhæð til einstaklings sem býr með öðrum, leigir húsnæði án þinglýsts leigusamnings eða hefur ekki aðgang að húsnæði hækkar úr 192.682 kr. í 202.123 kr. á mánuði.
- Grunnfjárhæð til þeirra sem búa í foreldrahúsum hækkar úr 114.345 kr. í 119.948 kr. á mánuði.
- Fjárhæð vegna barna í 16 gr. a hækkar úr 18.355 kr. í 19.254 kr. á mánuði.

Breyting þessi taki gildi frá og með 1. janúar 2024. Áætlað er að aukinn kostnaður við breytinguna nemi um 90 m.kr. á ári.

Greinargerð fylgir tillögunni.

Tillagan var samþykkt og henni vísað til borgarráðs.

Fulltrúi Flokks fólksins lagði fram svohljóðandi bókun:

Fulltrúi Flokks fólksins vill benda á nokkur atriði í umræddri tillögu. Lagt er til að hækka grunnfjárhæðir fjárhagsaðstoðar til framfærslu um 4,9% um næstu áramót í samræmi við forsendur fjárhagsáætlunar Reykjavíkurborgar. Vert er að taka fram að vegin meðalhækkun launa ríkisstarfsmanna á yfirstandandi ári er 7,3%. Laun á almennum vinnumarkaði hækkuðu um 6,75% samkvæmt kjarasamningum, þó ekki minna en 35.000 kr. Auk þess mældist vísitala neysluverðs 7,9% síðastliðinn október og hefur hækkað um 7,9% síðustu tólf mánuði, sbr. nýjustu tölur Hagstofunnar. Eðli málsins samkvæmt rýrnar fjárhagsaðstoðin þar sem hækkunin heldur ekki í við laun og verðlag. Þetta telur fulltrúi Flokks fólksins að þurfi að taka til greina þegar hækkun fjárhagsaðstoðar er ákvörðuð.

Tillagan er hér með send borgarráði.

Þess er óskað að skrifstofa borgarstjórnar hlutist til um birtingu reglubreytinganna í b-deild Stjórnartíðinda.

Virðingarfyllt

Rannveig Einarsdóttir

sviðsstjóri velferðarsviðs

Hjálagt:

Tillaga sviðsstjóra um hækkun grunnfjárhæða fjárhagsaðstoðar til framfærslu, lögð fram á fundi velferðarráðs 15. nóvember 2023.



TILLAGA

Viðtakandi: Velferðarráð

Sendandi: Rannveig Einarsdóttir, sviðsstjóri velferðarsviðs

Efni tillögu: **Hækkun grunnfjárhæða fjárhagsaðstoðar til framfærslu**

Lagt er til að grunnfjárhæðir fjárhagsaðstoðar til framfærslu hækki sem hér segir:

- Grunnfjárhæð fyrir einstakling sem rekur eigið heimili hækkar úr **228.689 kr.** í á mánuði **239.895 kr.**
- Grunnfjárhæð til hjóna/sambúðarfólks hækkar úr **365.902 kr.** í **383.832 kr.** á mánuði.
- Grunnfjárhæð til einstaklings sem býr með öðrum, leigir húsnæði án þinglýsts leigusamnings eða hefur ekki aðgang að húsnæði hækkar úr **192.682 kr.** í **202.123 kr.** á mánuði.
- Grunnfjárhæð til þeirra sem búa í foreldrahúsum hækkar úr **114.345 kr.** í **119.948 kr.** á mánuði.
- Fjárhæð vegna barna í 16 gr. a hækki úr **18.355 kr.** í **19.254 kr.** á mánuði.

Breyting þessi taki gildi frá og með 1. janúar 2024. Áætlað er að aukinn kostnaður við breytinguna nemi um 90 m.kr. á ári.

Greinargerð:

Í ákvæðum 9. mgr. 10. gr. reglna um fjárhagsaðstoð kemur fram að fjárhæðir greiðslna vegna fjárhagsaðstoðar til framfærslu verði endurskoðaðar af velferðarráði árlega í tengslum við gerð fjárhagsáætlunar. Fjárhæð grunnfjárhæða fjárhagsaðstoðar var síðast hækkuð í borgarráði júlí 2023.

Lagt er til að fjárhæðir fjárhagsaðstoðar verði hækkaðar um 4,9% í samræmi við forsendur fjárhagsáætlunar Reykjavíkurborgar og taki hækkunin gildi þann 1. janúar 2024. Hvað varðar fyrirætlanir annarra sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu varðandi hækkun fjárhagsaðstoðar þá er í 1. mgr. 11. gr. reglna um fjárhagsaðstoð hjá Hafnarjarðarkaupstað, sjálfvirk hækkun 1. janúar ár hvert sem tekur mið af vísitölu neysliverðs. Samkvæmt upplýsingum frá Kópavogi, Garðabæ og Mosfellsbæ þá mun verða reglubundin hækkun á grunnfjárhæðum fjárhagsaðstoðar um áramót en formleg ákvörðun liggur ekki fyrir á þessu stigi.

Um er að ræða eftirfarandi breytingar á 1.-5. mgr. 10. gr. og 16. gr. a reglna um fjárhagsaðstoð frá Reykjavíkurborg. Breytingar eru með rauðu lettri:

1.-5. mgr. 10. gr.
Grunnfjárhæð

Grunnfjárhæð fjárhagsaðstoðar til einstaklings, 18 ára eða eldri, sem rekur eigið heimili getur numið allt að **239.895 kr.** ~~228.689 kr.~~ á mánuði.

Með rekstri eigin heimilis, sbr. ákvæði 1. mgr. er átt við þegar viðkomandi býr í eigin húsnæði eða leigir húsnæði og leggur fram þinglýstan húsaleigusamning.

Grunnfjárhæð fjárhagsaðstoðar til hjóna/sambúðarfólks getur numið allt að **383.832 kr.** ~~365.902 kr.~~ (**239.895 kr. x 1,6**).

Grunnfjárhæð fjárhagsaðstoðar til einstaklings sem býr með öðrum, leigir húsnæði án þinglýsts leigusamnings eða hefur ekki aðgang að húsnæði er **202.123 kr.** ~~192.682 kr.~~

Grunnfjárhæð fjárhagsaðstoðar til einstaklings sem býr hjá foreldrum er **119.948 kr.** ~~114.345 kr.~~ (**239.895:2**). Hafi einstaklingur, sem fellur undir framangreint forsjá barns, skal viðkomandi reiknuð grunnfjárhæð sem nemur **202.123 kr.** ~~192.682 kr.~~

16. gr. a

Aðstoð til foreldra vegna barna á þeirra framfæri

Heimilt er að veita sérstaka aðstoð til foreldra í þeim mánuði sem þeir fá greidda fjárhagsaðstoð til framfærslu samkvæmt reglum þessum vegna skólabyrjunar þann 15. ágúst og sérstaka aðstoð vegna jólahalds þann 1. desember á ári hverju. Um er að ræða **19.254 kr.** ~~18.355 kr.~~ fyrir hvert barn í hvort skipti. Heimildin nær til þeirra foreldra sem fá greidda fjárhagsaðstoð til framfærslu samkvæmt reglum þessum í ágúst og desember ár hvert.